



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 11. maí 2023

Umsögn ReykjavíkúAkademíunnar um Tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagsi á Íslandi til ársins 2025.

(Þingskjal 1530 – 982. Mál. 153. Löggjafarþing 2022-2023.)

ReykjavíkúAkademían ses fagnar framlagðri tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagsins og þakkar jafnframt fyrir það tækifæri að koma á framfæri við Allsherjar- og menntamálanefnd sjónarmiðum fræðafólks sem starfar sjálfstætt að rannsóknum og þekkingarmiðlun á sviði hug- og félagsvísinda. Stofnunin skilaði inn umsögn um drög að þingsályktuninni þegar hún lá til kynningar í Samráðsgátt stjórnvalda. Ástæða er til þess að hnykkja stuttlega á eftirfarandi atriðum:

Kafli II Meginmarkmið

Þekkingarstefnan hvílir á víðum og almennum hugtökum. Tryggja þarf að grunnhugsun stefnunnar og þær aðgerðirnar sem á henni hvíla nái til alls háskóla- og vísindastarfs, einnig á sviði hug- og félagsvísinda. Sama á við um aðgerðir á sviði nýsköpunar og hugverkaverndar enda þótt að starfsemi einstaklinga og fyrirtækja á sviði hug- og félagsvísinda og hagrænna áhrif fangist illa upp í hagtolum.

Kafli III Stefnumótandi aðgerðir

ReykjavíkúAkademían hvetur til þess að hugað sé að núverandi skiptingu aðgerðaráætlunarinnar í þrjú meginvið. Sérstaklega er mikilvægt að gera tengingu á milli aðgerðaráætlunarinnar sem styður við markmið í háskóla- og vísindastarfi og þeirrar sem styður við markmið í nýsköpun og hugverkaiðnaði. Nauðsynlegt er að brúa gjánna sem er á milli háskóla og atvinnumarkaðar og sem dæmi um einfalda aðgerð í þá ætt væri ný aðgerð X.X:

X.X Auka aðgengi að opinberu fjármagni fyrir rannsakendur sem sinna áhugadrifnum rannsóknum og þekkingamiðlun utan háskólana.

Aðgerð X.X. myndi skapa ungu fólki tækifæri til að virkja hugvit og þekkingu í þágu samfélagsins, fjölga störfum, auka arð af fjárfestingu einstaklinga og samfélags í menntun, stækka þekkingarbanka samfélagsins, örva sókn í erlenda rannsóknasjóði og bæta möguleika háskólanna á að ráð til sín starfsfólk með fjölbreyttan reynslu, hæfni og þekkingu.

Þá er lögð til að gerð verði eftirfarandi viðbót við aðgerð 1.6:

1.6 Nýtt Vísinda og nýsköpunarráð hugi sérstaklega að því að veita fjármagni úr opinberum rannsóknasjóðum til rannsókna og nýsköpunar á sviði hug- og félagsvísinda, jafnt innan sem utan háskólanna.

Að lokum leggur Reykjavík Akadémían til nýja aðgerð, aðgerð 1.10, sem væri ætlað að styrkja sérstaklega stöðu hug- og félagsvísinda í háskólasamfélaginu:

1.10 Átak í að styðja við þverfaglegt hlutverk hug- og félagsvísinda innan vísindasamfélagsins meðal annars með eflingu gagnrýnnar hugsunar og hæfni til greiningar samfélagslegra vandamála og innleiðingu nýrra tæknilausna.

Aðgerðin hvílir á vaxandi áherslu Evrópusambandsins á samþættingu hug- og félagsvísinda við aðrar vísindagreinar enda auðvelda hug- og félagsvísindi innleiðingu tækninýjunga og -lausna í samfélagið. Slík samþætting hug- og félagsvísinda myndi meðal annars auka samkeppnishæfni íslenskra vísindamanna í harðri alþjóðlegri samkeppni um fjármagn úr samkeppnisjóðum þar sem í vaxandi mæli er hvatt til samvinnu við vísindafólk á sviði hug- og félagsvísinda óháð viðfangsefnum rannsókna og fræðasviðum annarra þátttakenda..

Reykjavík Akadémían er, sem fulltrúi fræðafólks sem starfar að rannsóknum og þekkingarmiðlun utan háskólanna, einn af hagaðilum þekkingarsamfélagsins á Íslandi. Því fagna forsvarsfólk stofnunarinnar fyrirhugaðri árlegri endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar í tengslum við undirbúning fjármálaáætlunar og fjárlaga og hlakkar til þeirrar vinnu.

Fyrir hönd Reykjavík Akadémíunnar

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri